

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 38.300.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 17.500 krónur að lágmarki og 175.000 að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda við keppni utan vega skuli vera 3.830.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990, gildir fyrir árið 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. desember 1994.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

29. nóvember 1994

Nr. 640

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbref og húsbrefaviðskipti.

1. gr.

Í stað 5. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Gjalddagar fasteignaveðbréfa skulu vera 15. dag hvers mánaðar. Fyrsta greiðsla afborgunar, vaxta og veðbóta af fasteignaveðbréfi skal vera á þriðja gjalddaga frá útgáfudegi þess. Vextir á hverjum gjalddaga skulu reiknast þannig að deilt er með fjölda gjalddaga á hverju ári í ársvextina.

Húsbrefadeild er heimilt að bjóða þeim sem þegar hafa gefið út fasteignaveðbréf með ársfjórðungslegum afborgunum að breyta veðbréfinu þannig, að það beri mánaðarlega gjalddaga, frá 15. apríl 1995 að telja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Elín S. Jónsdóttir.